

Vinnustaður og þjónustustofnun

Foldaskóli er vinnustaður nærri 600 nemenda og starfsmanna sem sinna margháttuðum störfum. Þar ríkir góður starfsandi og vinnuá- staða er almennt mjög góð.

Starfsfólk leggur metnað sinn í að vinna með nemendum á jákvæðan hátt og efla með þeim sjálfstæða og skapandi hugsun og vinnubrögð. Nýsköpun er sérstök námsgrein í 4.- 6. bekk. Þar fá nemendur þjálfun í að finna úrlausnarefni og leysa þau á eigin forsendum.

Starfsfólk skólans hefur langa reynslu af þjónustu við nemendur með þroskafrávik og aðrar fatlanir. Við skólann starfar sérdeild fyrir einhverfa og Fardeild sem veitir skólunum í Grafarvogi og á Kjalar- nesi þjónustu vegna nemenda með atferlis- og geðraskanir.



Foldaskóli

Logafold 1,
Grafarvogi,
112 Reykjavík
Sími: 540 7600
Fax: 540 7601

Foldaskóli
Grafarvogi



Foldaskóli Grunnskóli í grónu hverfi



Síðprýði

Menntun

Sálarheill

Saga skólans

Foldaskóli tók til starfa haustið 1985 en byggingarframkvæmdum



lauk ekki fyrr en 1991. Nemendum fjölgaði hratt og urðu flestir um 1.200 árið 1990 og þá að meðtöldu útibúi í Hamrahverfi.

Árið 2012 var ákveðið að nemendur á unglíngastigi í Hamra- og Húsa- hverfi ættu skólasókn í Foldaskóla. Jafnframt var einhverfudeild Hamra-skóla flutt í Foldaskóla. Nú eru nemendur um 500 og þar af um helmingur í unglíngadeild.

Húsnæði skólans er að stofni til þrjár einingar eða sérstæð hús með tengibyggingu á milli. Viðbygging með sérgreinastofum og nýju íþróttahúsi var tekin í notkun 2002 um leið og skólinn var einsettur. Þá var nýtt mótuneytiseldhús tekið í notkun haustið 2003. Endurgerð lóðar skólans hófs árið 2008 og stóð yfir í fjögur ár.

Skólinn var móðurskóli í *nýsköpun* frá árinu 1998 til 2005. Kennsla í nýsköpun er fastur liður á stundaskrá nemenda í 4.- 6. bekk.

Ýmis starfsemi

Við skólann er starfrækt *Fardeild* sem þjónar grunnskólunum í Grafarvogi og á Kjalarnesi vegna nemenda með atferlis- og geðraskanir.

Í húsnæði skólans starfa *Skólahljómsveit Grafarvogs*, *Tónlistarskóli Grafarvogs* og *Tónskóli Hörpunnar* sem bjóða kennslu á hljóðfæri bæði á og utan skólatíma. Einnig starfa frístundaheimilið *Regnbogaland* og félagsmiðstöðin *Fjörgyn* innan veggja skólans.

Umhverfisstefna

Grænfánaskóli

Skólinn hefur sett sér umhverfisstefnu sem unnið hefur verið eftir í nokkur ár. Leiðarljós þeirrar stefnu er að efla virðingu og jákvætt viðhorf nemenda og starfsfólks til náttúru, umhverfis og alls lífs.



Foldaskóli er *Grænfánaskóli* sem merkir að unnið er kerfisbundið að um-

hverfismálum innan skólans. Grænfáninn er alþjóðleg viðurkenning fyrir virkt umhverfisverndarstarf.

Fáninn er veittur til tveggja ára í senn. Meðal þeirra verkefna sem unnið er að má nefna sparnað, flokkun og endurnýtingu á pappír og fernum og söfnun notaðra rafhlaðna.

Markmið skólastarfsins

Að veita nemendum góða, alhliða menntun og búa þá undir fullorðinsárin.

Að efla með nemendum sjálfstæða, agaða, gagnrýna og skapandi hugsun og vinnubrögð.

Að efla sjálfsmýnd nemenda.

Að efla siðgæðisþroska nemenda, umburðarlyndi og virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum.

Að nemendur öðlist þjálfun í að takast á við mismunandi aðstæður í samskiptum við ólíka einstaklinga.

Að nemendur læri að hlusta, virða og taka tillit til skoðana annarra.

Að efla virðingu og jákvætt viðhorf nemenda til náttúru, umhverfis og alls lífs.

Að efla samhug og samstarf heimila og skóla til að ná sameiginlegum markmiðum í þágu nemenda.



Foldagná

Útilistaverkið á hringtorgi við skólann heitir Foldagná (1993) og er eftir listamanninn *Örn Þorsteinsson*.

Foldaskóli

Logafold 1,
Grafarvogi,
112 Reykjavík

Sími: 540 7600
Fax: 540 7601
Netf. foldaskoli@reykjavik.is
Heimasíða: www.foldaskoli.is